

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun til 5 ára 2019-2023, mál 172, og samgönguáætlun til 15 ára, 2019-2033, mál 173.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) lýsir yfir miklum vonbrigðum með hlut Austurlands í framlögðum samgönguáætlunum, sér í lagi aðgerðaáætlun árána 2019-2023 en hún er landshlutanum með eindæmum óhagstæð. Fjárveitingar til landshlutans eru alltof litlar á þessu tímabili og munu valda miklum töfum á nauðsynlegum samgöngubótum á starfssvæði SSA. Það er sérstaklega ámælisvert í ljósi þess að nýframkvæmdir og viðhald vega í landshlutanum hafa verið í algjöru lágmarki mörg undanfarin ár.

Rétt er að fagna því að loks komi fjármagn til vegabóta á Borgarfjarðarvegi sem íbúar Austurlands og fjöldi ferðamanna hafa beðið eftir í áratugi. Framkvæmdir við þann veg, ásamt 300 milljóna króna framlagi til vegagerðar í Berufjarðarbotni, eru einu nýframkvæmdirnar sem settar eru fram í 5 ára samgönguáætlun til starfssvæðis SSA. Það, ásamt því að ekki sé gert ráð fyrir einni einustu krónu í nýframkvæmdir á svæðinu á árunum 2020 og 2021, er lítilsvirðandi og ámælisvert.

Aðalfundir SSA hafa ítrekað samþykkt ályktanir um samgöngumál þar sem verkefnum til samgöngubóta hefur verið forgangsraðað. Það eru mikil vonbrigði að ekki er tekið tillit til þeirrar forgangsröðunar. Mikilvægt er að Fjarðarheiðargöng, heilsársvegur yfir Öxi auk fjölda brýnna samgöngubóta í fjórðungnum komi sem fyrst til framkvæmda. Áriðandi er að ekki verði hlé á jarðgangagerð í landinu og að strax að loknum framkvæmdum við Dýrafjarðargöng hefjist framkvæmdir við Fjarðarheiðargöng. Heilsársvegur yfir Öxi, sem nú þegar er búið að hanna og kominn var á samgönguáætlun, þarf að komast til framkvæmda sem fyrst. Malarvegir, einbreiðar brýr og hættulegir vegkaflar víða á Austurlandi eru í raun óboðlegir.

Stjórn SSA hvetur til að aukið fjármagn verði sett í viðhald Egilsstaðaflugvallar þar sem ljóst er að nú þegar er komið að kostnaðarsömu viðhaldi. Auk þess liggur fyrir að setja þarf upp aðflugsljós við norðurenda flugbrautarinnar sem fyrst. Hafa þarf í huga að Egilsstaðaflugvöllur þarf að geta þróast eðlilega sem alþjóðaflugvöllur og standast kröfur sem til hans eru gerðar sem varaflugvöllur.

Stjórn ítrekar mikilvægi og gildi almenningssamgangna og að fjármagn verði aukið til málaflokksins svo hann nái að þróast og veita þá þjónustu sem til er ætlast.

Greiðar samgöngur hafa mikil áhrif á búsetuskilyrði, atvinnutækifæri, öryggi og lífsgæði fólks. Íbúar Austurlands hafa beðið lengi eftir nýframkvæmdum í samgöngum

auk eðlilegrar endurbyggingar vega og lagningar slitlags. Ljóst er að óskir íbúa Austurlands, öryggi þeirra og þarfir í samgöngumálum fara engan veginn saman við samgönguáætlanir áráanna 2019-2023 og áráanna 2019–2033. Stjórn SSA leggur þunga áherslu á að hlutur starfssvæðis SSA verði réttur og tekið tillit til þeirrar forgangsröðunar sem samþykkt hefur verið ítrekað á vettvangi sambandsins.

Vegna mikillar óánægju með þær áætlanir sem fjallað er um hér að ofan hefur stjórn SSA óskað eftir fundi með nefndinni.

Virðingarfyllst,
f.h. SSA

Einar Már Sigurðarson formaður.

Fylgiskjöl: Ályktanir aðalfundar SSA 2018 um samgöngumál.
Beiðni um fund með samgöngunefnd Alþingis.



1966-2016